



Vestfjarðavegur (60)

Milli Bjarkarlundar og Skálaness í Reykhólahreppi

Samráðsáætlun



1 Tilgangur samráðsáætlunar

Vegagerðin hefur í samræmi við skilmála framkvæmdaleyfis Reykhólahrepps unnið samráðsáætlun, skv. 25. tl. skilmála.

25. Framkvæmdaraðili skal leggja fram samráðsáætlun vegna aðgerða um endurheimt votlendis og náttúruminjar áður en framkvæmdir hefjast á viðkomandi svæði. Skal hún lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Í henni skal koma fram hver sé tilgangur samráðs, hverjir séu þátttakendur í samráði, hvernig verði staðið að samráði og hvernig það verði skjalfest.

Auk þess er í samráðsáætlun yfirlit um annað samráð sem Vegagerðin stendur að vegna framkvæmda við Vestfirðaveg. Samráðsáætlunin verður uppfærð í samræmi við framvindu verkefnisins.

Tilgangur samráðsáætlunar er að tryggja að nauðsynlegt samráð eigi sér stað, undirbyggja betri ákvarðanir, samráð sé skjalfest til að stuðla að rekjanleika ákvarðana og stuðla að því að lærdómur verði af framkvæmdinni og virkni mótvægisáðgerða.

Samráðsáætlunin tekur til eftirfarandi viðfangsefna:

1. Endurheimt votlendis.
2. Endurheimt skóglendis.
3. Möguleikar á endurheimt leira.
4. Frágangur náma.
5. Fornleifar.



1. Endurheimt votlendis	Lýsing	Athugasemdir
Tilgangur	<p>Tilgangur samráðs er að fá fram tillögur að svæðum sem henta fyrir endurheimt votlendis. Jafnframt er það tilgangur að velja þau svæði sem helst koma til greina m.t.t. nálægðar við raskað svæði, vilja landeigenda og álits sérfræðinga.</p> <p>Samkvæmt matsskýrslu Vegagerðarinnar var gert ráð fyrir að alls raskist 7,1 ha af votlendi vegna framkvæmda.</p>	
Þátttakendur	<p>Þátttakendur í samráði eru a.m.k. Reykhólahreppur, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vestfirðja, Landgræðslan og landeigendur.</p>	
Framkvæmd samráðs	<p>Vegagerðin mun í upphafi leita tillagna hjá Reykhólahreppi, landeigendum í nágrenni veglínu og Náttúrustofu Vestfirðja um svæði sem kunna að henta fyrir endurheimt.</p> <p>Ef tillögur um fleiri svæði en þörf er á liggja fyrir, mun Vegagerðin boða til fundar með samráðsaðilum til að forgangsraða svæðum.</p> <p>Þegar fyrir liggja svæði til endurheimtar skal aðilum tilkynnt um valið, ásamt tillögum hvernig staðið verði að endurheimt, hvenær hún fer fram og hver sjái um framkvæmd þess. Vegagerðin ber ávallt ábyrgð á endurheimt.</p> <p>Samráðsaðilar ræða og leggja fram tillögur að frekari aðgerðum ef endurheimti hefur ekki náð tilætluðum árangri.</p>	
Samantekt samráðs	<p>Fulltrúi Vegagerðarinnar skrifar fundargerðir. Fundargerðir skal dreift til allra þátttakenda samráðs.</p>	
Ábyrgð	<p>Vegagerðin ber ábyrgð á endurheimt votlendis. Framkvæmd endurheimtar verður líklega á höndum annarra aðila.</p>	



2. Endurheimt skóglendis	Lýsing	Athugasemdir
Tilgangur	<p>Tilgangur samráðs er að fá fram tillögur að svæðum sem henta fyrir endurheimt skóglendis sem raskast vegna framkvæmda. Jafnframt er það tilgangur að velja þau svæði sem helst koma til greina m.t.t. nálægðar við raskað svæði, vilja landeigenda og álits sérfræðinga.</p> <p>Samkvæmt matsskýrslu Vegagerðarinnar var gert ráð fyrir að alls verði 11,1 ha varanleg skerðing af birkiþarri sem nýtur verndar vegna framkvæmda. Alls er talið að 7,8 ha skóglendis í Teigskógi skerðist.</p>	
Þátttakendur	<p>Þátttakendur í samráði eru a.m.k. Reykhólahreppur, Skógræktin, skógræktarfélag á svæðinu, Náttúrustofa Vestfjarða og landeigendur.</p>	
Framkvæmd samráðs	<p>Vegagerðin mun í upphafi leita tillagna hjá Reykhólahreppi, landeigendum í nágrenni veglínu, skógræktarfélagum í nágrenni og Náttúrustofu Vestfjarða um svæði sem kunna að henta fyrir endurheimt.</p> <p>Ef tillögur um fleiri svæði en þörf er á liggja fyrir, mun Vegagerðin boða til fundar með samráðsaðilum til að forgangsraða svæðum.</p> <p>Þegar fyrir liggja svæði til endurheimtar skal aðilum tilkynnt um valið, ásamt tillögum hvernig staðið verði að endurheimt, hvenær hún fer fram og hver sjái um framkvæmd þess. Vegagerðin ber ávallt ábyrgð á endurheimt.</p>	
Samantekt samráðs	<p>Fulltrúi Vegagerðarinnar skrifar fundargerðir. Fundargerðir skal dreift til allra þátttakenda samráðs.</p>	
Ábyrgð	<p>Vegagerðin ber ábyrgð á endurheimt skóglendis. Framkvæmd endurheimtar verður líklega á höndum annarra aðila.</p>	



3. Endurheimt leira	Lýsing	Athugasemdir
Tilgangur	<p>Tilgangur samráðs er að ræða möguleika á að endurheimta leirur nærri framkvæmdasvæðinu í stað þeirra sem raskast vegna framkvæmda. Samráðinu er jafnframt ætlað að taka afstöðu til þess hvort og þá hvar skuli ráðast í tilraunaverkefni með endurheimt.</p> <p>Samkvæmt matsskýrslu Vegagerðarinnar var gert ráð fyrir að alls raskist 4,4 ha af leirum.</p>	
Þátttakendur	<p>Þátttakendur í samráði eru a.m.k. Reykhólahreppur, Náttúrustofa Vestfjarða og landeigendur.</p>	
Framkvæmd samráðs	<p>Vegagerðin mun í upphafi leita tillagna hjá Reykhólahreppi, landeigendum í nágrenni veglínu og Náttúrustofu Vestfjarða um svæði sem kunna að henta fyrir endurheimt.</p> <p>Fjallað verður um tilraunir sem gerðar hafa verið til að endurheimta leirur og hvort að reynsla þeirra gefi tilefni til að ráðast í rannsóknarverkefni á áhrifasvæði framkvæmda.</p> <p>Þegar ákvörðun liggur fyrir tilraunaverkefni skal aðilum tilkynnt um ákvörðun, ásamt tillögum hvernig staðið verði að tilraun, hvenær hún fer fram og hver sjái um framkvæmd hennar. Vegagerðin ber ábyrgð á tilraun.</p>	
Samantekt samráðs	<p>Fulltrúi Vegagerðarinnar skrifar fundargerðir. Fundargerðir skal dreift til allra þátttakenda samráðs.</p>	
Ábyrgð	<p>Vegagerðin ber ábyrgð á tilraunum um endurheimt. Framkvæmd tilraunar verður líklega á höndum annarra aðila.</p>	



4. Frágangur náma	Lýsing	Athugasemdir
Tilgangur	Tilgangur samráðs er að fá fram tillögur að því hvernig skuli staðið að frágangi náma og efnistökusvæða, hvenær það skuli gert og hver standi að frágangi.	
Þátttakendur	Þátttakendur í samráði eru a.m.k. Reykhólahreppur, Umhverfisstofnun og landeigendur.	
Framkvæmd samráðs	Vegagerðin fær þátttakendur á svæðið, námusvæði eru skoðuð og tillögur lagðar fram um loka frágang. Lokafrágangur eftir framkvæmd er skráður með texta og myndum og kynntur þátttakendum.	
Samantekt samráðs	Fulltrúi Vegagerðarinnar skrifar fundargerðir. Fundargerðir skal dreift til allra þátttakenda samráðs.	
Ábyrgð	Vegagerðin ber ábyrgð á frágangi náma.	



5. Fornleifar	Lýsing	Athugasemdir
Tilgangur	Tilgangur samráðs er að upplýsa Minjastofnun um niðurstöðu skráningar og kortlagningar á svæðum sem ekki var búið að skrá.	
Þátttakendur	Þátttakendur í samráði eru a.m.k. Minjastofnun og Náttúrustofa Vestfjarða.	
Framkvæmd samráðs	Vegagerðin, Náttúrustofa Vestfjarða og Minjastofnun fara í sameiningu yfir niðurstöður skráningu fornleifa, verkáætlun og útfærslu mótvægisaðgerða. Minjastofnun veitir umsögn.	
Samantekt samráðs	Fulltrúi Vegagerðarinnar skrifar fundargerðir. Fundargerðir skal dreift til allra þátttakenda samráðs.	
Ábyrgð	Vegagerðin ber ábyrgð á skráningu og merkingu fornleifa. Framkvæmd er í höndum Náttúrustofu Vestfjarða.	



2 Viðauki

Yfirlit um samráðs- og framkvæmdaraðila að vöktun.

Kaffi 5 vöktunaáætlun	Framkvæmdaraðili:	Ath
5.1 Endurheimt gróðurs		
5.1.1 Endurheimt staðargróðurs	Náttúrustofa Vestfjarða í samstarfi við Skógræktina, landeigendur og gróðrastöð	NAVE skilaði skýrslu með tillögum að aðferðum um endurheimt staðargróðurs og mun svo Ása hjá LBHÍ halda námskeið fyrir vertaka.
5.2 Endurheimt votlendis		
5.2.1 Endurheimt mýra og flóa	Náttúrustofa Vestfjarða í samstarfi við Landgræðsluna og Náttúrufræðistofnun Íslands	Líklega mun Landgræðslan sjá um vöktun en Vegagerðin þarf að finna land.
5.2.2 Endurheimt sjávarfitja og leira	Náttúrustofa Vestfjarða í samstarfi við Landgræðsluna og Náttúrufræðistofnun Íslands	Sett var í útboðslýsingu fyrir Teigskóg aðgerðir til að færa sjávarfitjar út fyrir vegsvæði.
5.3 Vöktun á fuglum		
5.3.1 Strandfuglar	Náttúrustofa Vestfjarða	Grunnrannsóknir kláraðar sumarið 2021
5.3.2 Andfuglar	Náttúrustofa Vestfjarða	Grunnrannsóknir kláraðar sumarið 2021
5.3.3 Fálkungar	Náttúrufræðistofnun Íslands	Gert hefur verið munnlegt samkomlag við Kristinn NÍ um að merka unga á í Djúpaferði sem viðbót í vöktunaráætlun NAVE.
5.4 Ástand vatnshlota		
5.4.1 Líffræðilegir gæðapættir		
Plöntusvif	Náttúrustofa Vestfjarða í samstarfi við þriðja aðila	Grunnrannsóknir kláraðar sumarið 2021
Fjörulíf	Náttúrustofa Vestfjarða	Grunnrannsóknir kláraðar sumarið 2021
Botnkægir hryggleysingar og botnþörungar	Náttúrustofa Vestfjarða	Grunnrannsóknir kláraðar sumarið 2021
Fiskungviði í sjó	Hafrannsóknastofnun	Grunnrannsóknir kláraðar sumarið 2021
Lífriki straumvatna	Náttúrustofa Vestfjarða	Fer eftir því hvor farið verði í námuvinnslu í Múlaá
5.4.2 Eðlisefnafræðilegir gæðapættir strandsjávar		
Umhverfisbreytur	Náttúrustofa Vestfjarða og Vegagerðin	Vegagerðin á Microcat mæla og mun sjá um útsetningu þeirra og söfnun gagna. Grunnrannsókn gerð 2017 og 18
Næringarefni	Náttúrustofa Vestfjarða í samstarfi við þriðja aðila	Safna á sýnum í vetur og fram á vor
Vatnsformfræðilegir þættir	Fenginn verður aðili í þessar mælingar.	Meðal annars mæla sjávarföll utan og innan vegfyllingar eftir framkvæmd